

SAMKOMULAG
UM SAMSTARF
Á SVIÐI JARÐVARMAORKU
MILLI
UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐUNEYTIS ÍSLANDS
OG
UMHVERFIS- OG ORKUÖRYGGISRÁÐUNEYTIS
ÍTALSKA LÝÐVELDISINS

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti Íslands og umhverfis- og orkuöryggisráðuneyti Ítalska lýðveldisins, hér á eftir hvort um sig nefnt „aðili“ og sameiginlega „aðilar“,

SEM VILJA efla enn frekar vináttu og efnahagstengsl milli Íslands og Ítalíu,

SEM TAKA TILLIT TIL möguleika og tækifæra á heimsvísu á sviði jarðvarmaorku,

SEM HAFA Í HUGA að Ísland og Ítalía eru í hópi þeirra aðila sem standa hvað fremst í heiminum þegar kemur að notkun jarðvarmaorku,

Á GRUNDVELLI samningsins milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar lýðveldisins Ítalíu um samvinnu á sviði menningar, vísinda og tækni, sem gerður var í Róm 14. janúar 1999,

SEM HYGGJAST koma á fót og efla samvinnu milli íslenskra og ítalskra aðila sem eru virkir á sviði jarðvarmaorku, m.a. opinberra stofnana, einkageirans og aðila sem stunda rannsóknir og þróun á sviði orkumála,

hafa gert með sér eftirfarandi samkomulag:

1. gr. – Markmið

Markmiðið með þessu samkomulagi er að leggja grunninn að samstarfstengslum milli Íslands og Ítalíu til þess að hvetja til samstarfs og stuðla að því milli opinberra aðila, opinberra aðila og einkaaðila og á milli einkaaðila á sviði jarðvarmaorku.

2. gr. – Samstarfssvið

Að því er þetta samkomulag varðar taka samstarfssvið viðkomandi aðila, sem vísað er til í 3. gr., m.a. til rannsókna og nýtingar jarðvarmaauðlinda til framleiðslu á rafmagni og flutnings á hita, til fjarhitunar og verkefna sem tengjast þróun og stjórnun jarðvarmaorkuvera, en einskorðast þó ekki við þau atriði.

3. gr. – Þáttakendur

Að því er þetta samkomulag varðar geta þáttakendur m.a. verið eftirtaldir aðilar en einskorðast þó ekki við þá:

- a) opinber stjórnsýsla, stofnanir og yfirvöld,
- b) virkir þáttakendur innan jarðvarmaorkugeirans, m.a. orkufyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki, aðilar á sviði tæknilausna, aðilar á sviði verkefnaþróunar, þjónustufyrirtæki, fjárfestar og fjármálastofnanir,
- c) samtök á sviði jarðvarmaorku og önnur hlutaðeigandi frjáls félagasamtök,
- d) stofnanir á sviði rannsókna og þróunar á endurnýjanlegri orku og vísindastofnanir.

4. gr. – Samstarfsverkefni

Framkvæmd þessa samkomulags kann að fela í sér, en einskorðast þó ekki við, eftirtalin verkefni:

- a) að efla vitund um heim allan á nýtingu jarðvarmaorku í baráttunni við neikvæðar afleiðingar loftslagsbreytinga,
- b) að efla virka þáttöku í alþjóðlegum samstöðuhópi um nýtingu jarðhita (Global Geothermal Alliance),
- c) að hvetja til og auðvelda marghliða fjármálastofnunum virkt hlutverk við fjármögnun verkefna á sviði jarðvarma um heim allan, m.a. Alþjóðabankastofnunum (World Bank Group), svæðisbundnum þróunarbönkum (Regional Development Banks), Græna loftslagssjóðnum (Green Climate Fund) auk fjármálastofnana Evrópska efnahagssvæðisins,
- d) að stuðla að því að opinberar íslenskar og ítalskar stofnanir, fyrirtæki og aðrir aðilar, sem vísað er til í 3. gr., skiptist á reynslu og bestu starfsvenjum á sviði jarðvarmaorku,
- e) að greiða fyrir samstarfi milli íslenskra og ítalskra fyrirtækja á sviðum sem vísað er til í 2. gr., m.a. miðlun sérþekkingar á sviði tækni og stjórnunar, verkefna á sviði gagnkvæmrar þjálfunar, miðlun sérfræðiþekkingar við umbætur á skilvirkni orkuvera og við framkvæmd nýsköpunarverkefna með áherslu á að draga úr umhverfisáhrifum,
- f) að hvetja til sameiginlegrar þróunar verkefna á þeim samstarfssviðum sem um getur í 2. gr., einkum í þriðju löndum og, ef mögulegt er, með viðeigandi marghliða stofnunum,
- g) að ýta undir sameiginlega þáttöku í útboðum á vegum alþjóðastofnana á þeim samstarfssviðum sem um getur í 2. gr.,
- h) að hvetja til samtals um jarðvarmaorku á meðal aðila sem vísað er til í 3. gr., með því að skipuleggja sameiginleg verkefni á borð við málstofur, ráðstefnur og umræðufundi.

5. gr. – Sameiginleg nefnd

1. Til þess að samræma verkefnin sem um getur í 4. gr. hyggjast aðilar nír koma á fót sameiginlegri nefnd sem hefur eftirfarandi hlutverk:
 - að stjórna skilvirkri framkvæmd þessa samkomulags,
 - að samþykkja ákvarðanir og tilmæli,
 - að greina svið sameiginlegra hagsmuna og samstarfs um þróun verkefna sem um getur í 2. og 4. gr.,
 - að hafa eftirlit með samstarfi sem um getur í 2. og 4. gr. og meta það.
2. Lögbæru yfirvöldin, sem tilgreind eru í 6. gr., munu tilnefna two fulltrúa hver í sameiginlegu nefndina.
3. Sameiginlega nefndin mun sinna framangreindum verkefnum eftir því sem unnt er með rafrænum samskiptum. Sameiginlega nefndin mun hittast þegar ástæða þykir til.
4. Sameiginlega nefndin mun nota rafræna miðla til að efla upplýsingaskipti og greiða fyrir samstarfsverkefnum landsbundinna aðila sem vísað er til í 3. gr.
5. Sameiginlega nefndin kann að ákveða að koma á fót gagnagrunni yfir landsbundna aðila sem hafa hug á samstarfi milli Íslands og Ítalíu á þeim sviðum sem um getur í 2. gr.
6. Sameiginlega nefndin getur tekið upp samstarf við aðra fulltrúa frá stofnunum og yfirvöldum á sviði orkumála, vísindastofnunum, rannsóknarmiðstöðvum, háskólum eða öðrum aðilum, eftir því sem aðilar nír telja viðeigandi.

6. gr. – Lögbær yfirvöld

Lögbær yfirvöld að því er varðar framkvæmd þessa samkomulags eru:

- fyrir hönd íslenska aðilans, Orkustofnun (the National Energy Authority of Iceland) undir forsjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins,
- fyrir hönd ítalska aðilans, skrifstofa orkumála innan umhverfis- og orkuöryggisráðuneytisins.

7. gr. – Réttarstaða

1. Þessu samkomulagi verður komið til framkvæmda í samræmi við íslensk og ítölsk lög sem og gildandi alþjóðalög og, að því er ítalska aðilann varðar, skuldbindingar sem leiðir af aðild Ítalíu að Evrópusambandinu.
2. Þetta samkomulag telst ekki milliríkjjasamningur sem getur leitt til réttinda og skyldna samkvæmt þjóðarétti. Engin ákvæði þessa samkomulags ber að túlka og framkvæma sem lagalega skyldu eða skuldbindingu aðilanna.

8. gr. – Fjárhagsákvæði


1. Hvor aðili um sig mun bera ábyrgð á eigin kostnaði við framkvæmd þessa samkomulags nema aðilar komist að gagnkvæmu samkomulagi um annað.
2. Aðilarnir munu standa straum af þeim útgjöldum sem leiðir af framkvæmd þessa samkomulags af hefðbundnu fjármagni til ráðstöfunar án viðbótarkostnaðar fyrir ríkisfjárlög Íslands og Ítalska lýðveldisins.

9. gr. – Lokaákvæði

1. Samkomulag þetta tekur gildi þann dag sem það er undirritað, gildir til fimm (5) ára og endurnýjast sjálfkrafa um fimm (5) ára tímabil til viðbótar.
2. Hvor aðili um sig getur sagt þessu samkomulagi upp hvenær sem er með tilkynningu til hins aðilans með sex (6) mánaða fyrirvara.
3. Aðilarnir geta gert breytingar á samkomulagi þessu skriflega með gagnkvæmu samþykki.
4. Allur ágreiningur varðandi túlkun og/eða framkvæmd þessa samkomulags verður leystur í vinsemd með beinu samráði og samningaviðræðum milli aðilanna.

Undirritað í Reykjavík hinn 17. október, 2024 í tveimur frumritum þar sem hvort eintak um sig er á íslensku, ítölsku og ensku og eru allir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun ákvæða þessa samkomulags skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis
Íslands



Fyrir hönd umhverfis- og orkuöryggisráðuneytis
Ítalska lýðveldisins

